

## Upplýsingaöryggisstefna

### 1. Inngangur

Landsvirkjun leggur mikla áherslu á upplýsingavernd og öryggi upplýsingakerfa með það að markmiði að tryggja samfellda þjónustu. Landsvirkjun hlítir þeim kröfum sem gerðar eru til fyrirtækisins og hefur stöðugar umbætur að leiðarljósi.

Stefnan er sett af stjórn Landsvirkjunar að fenginni tillögu frá forstjóra fyrirtækisins.

### 2. Gildissvið

Stefnan og viðmið sem henni fylgja gildir fyrir alla starfsemi Landsvirkjunar. Umfang stefnunnar nær til starfsfólks, starfsstöðva og upplýsingaverðmæta sem Landsvirkjun hefur umsjón með eða felur öðrum að sjá um í sínu nafni.

### 3. Hugtakaskilgreiningar

Á ekki við.

### 4. Stefna

Við gætum þess í hvívetna að tryggja hámarksöryggi okkar mikilvægustu kerfa með það að markmiði að tryggja samfelldan rekstur og koma í veg fyrir rof á afhendingu þjónustu til viðskiptavina fyrirtækisins og annarra hagaðila.

Við stuðlum að öryggi kerfa og gagna með því að starfrækja vottað stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis skv. ISO/IEC 27001. Áhættustýringu er beitt til að meta og meðhöndla áhættuþætti og við framkvæmum reglulegar prófanir til að tryggja gæði stýringa og varnarkerfa. Formlegt verklag er haft við rekstur, aðgangsstýringar og breytingar á aðstöðu, búnaði og kerfum.

Við leggjum ríka áhersla á fræðslu, samráð og samvinnu við starfsfólk Landsvirkjunar og stuðlum að virkri öryggisvitund starfsfólks, þjónustuaðila, viðskiptavina og gesta. Þá tökum við virkan þátt í samráði á vegum stjórnvalda og annarra faghópa um net- og upplýsingaöryggi.

### 5. Mælikvarðar

Fjöldi alvarlegra upplýsingaöryggisatvika síðastliðna 12 mánuði  
(markmið: < 3)

### 6. Innleiðing

Forstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn á innleiðingu stefnunnar og tryggir að ábyrgðarsvið þeirra sem að innleiðingunni koma sé skýrt.

Innleiðing stefnunnar er í samræmi við ISO/IEC 27001 staðalinn og lögð er áhersla á samráð og samstarf við starfsfólk Landsvirkjunar við innleiðinguna.

### 7. Upplýsingagjöf

Forstjóri upplýsir stjórn um árangur í upplýsingaöryggismálum eigi sjaldnar en árlega.

Árangur stjórnunarkerfis upplýsingaöryggis er yfirfarinn með framkvæmdastjórn á árlegum rýnifundi.

### 8. Endurskoðun

Stjórn Landsvirkjunar endurskoðar stefnu þessa eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

### 9. Gildistaka

Stefna þessi gildir frá og með staðfestingu stjórnar.

26. janúar 2024

Stjórn Landsvirkjunar

Jónas Þór Guðnason  
Guðrún Þórunn Þórssen  
Ásthildur Ingadóttir  
Sofía Guðmundsdóttir